

103

23. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 23
15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

2. gr. í lögum nr. 40 19. júní 1933 orðist svo:
Lög þessi skulu gilda til ársloka 1937.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

104

23. júní

L Ö G

um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

I. KAFLI

Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hverjum íslenskum ríkisborgara, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru
í lögum þessum, er heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Sama gildir um þá erlenda ríkisborgara, sem jafnrétti hafa við íslenska ríkisborgara að lögum.

104

23. júní

2. gr.

- a. *Skip* merkir í lögum þessum hvert það far, sem er 6 rúmlestir eða stærra og skráð er á skipaskrár, án tillits til þess, hvort það gengur fyrir seglum eða vél eða hvorutveggja.
- b. *Rúmlest* er brúttó-rúmlest = 100 teningsfet ensk = 2,83 teningsmetrar.
- c. *Mánuður* er 30 náttu mánuður, eins og ákveðið er með sjómannaöldum, nr. 41 19. maí 1930, um kaupgreiðslur á sjó.
- d. *Flutningaskip* merkir skip, eigi yfir 75 rúmlestir að stærð, sem notað er til fólks- og vöruflutninga innanlands, enda þótt það sé skrásett sem fiskiskip og notað til fiskveiða einhvern tíma ársins, sé það meiri hluta ársins við aðrar siglingar en fiskveiðar. Meðan slíkt skip stundar veiðar, gilda um það sömu ákvæði og um önnur fiskiskip af sömu stærð.
- e. *Fiskiskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem fiskiskip, án tillits til stærðar, og notað er mestan hluta ársins til veiða, þótt það sé jafnframt notað til flutninga til útlanda á eigin afla eða keyptum afla.
- f. *Verzlunarskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem verzlunarskip, án tillits til stærðar, og siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands eða flytur farþega eða hvorttveggja.
- g. *Innanlandssigling* er sigling og fiskveiðar við strendur Íslands og á hafinu kringum landið allt að 60 sjómílum frá sjálfu landinu.
- h. *Útanlandssigling* er hver sú ferð, sem farin er til annara landa eða til fiskimiða annara landa, þótt hafna sé ekki leitað.
- i. *Fullgildur háseti* á verzlunarskipi eða varðskipi er sá einn, er sannar með sjóferðabók,

að hann hafi siglt sem skipsdrengr, óvaningur eða viðvaningur á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 36 mánuði samtals, þó þar af eigi skemur en 12 mánuði sem viðvaningur og eigi lengur en 6 mánuði sem skipsdrengr,

eða að hann hafi siglt sem háseti á skipi yfir 60 rúmlestir í 30 mánuði og sem viðvaningur á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 12 mánuði.

Siglingatími sem timburmaður eða bátsmaður telst jafngildur siglingatíma sem fullgildur háseti.

- j. Á meðan engar sérstakar reglur eru til hér á landi um útreikning *hestafla* eimvéla eða mótorá í skipum, skal við framkvæmd þessara laga fara eftir framleiddum (indicret) hestöflum, skammstafað f. h. ö., þegar um eimvélar er að ræða, en virkum (effectiv) hestöflum, skammstafað v. h. ö., þegar um mótora er að ræða, og skal reiknað með mesta hestaflafjölda, sem vélin getur haft, miðað við 4 klukkustunda siglingu.

Verði reglur settar hér á landi um útreikning hestafla í skipum, skal fara eftir þeim.

- 104 k. *Siglingar innan fjarða eða flóa* ber að skilja sem siglingar með skipum, sem eru staðbundin við ákveðna firði eða flóa og eigi er ætlað að fara út fyrir þau takmörk.
23. júní l. *Vélavörður* nefnist sá, sem hefir rétt til þess að gæta véla, sem eigi hafa yfir 15 hestöfl, en *vélstjóri* nefnist hver sá, sem rétt hefir til að stjórna aflvél samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

- a. Próf þau og siglingatími, sem krafizt er í lögum þessum til þess að öðlast skirteini, eru hið lægsta, sem þarf í hverju einstöku tilfelli. Æðra próf í sömu greinum gildir einnig fyrir þau skirteini, sem lægra próf þarf til að öðlast.

Ráðherra sá, sem fer með kennslumál, setur reglugerð um það, hvernig kennslu skipstjórnarmanna og vélamanna skuli hagað, svo og um inntöku-skilyrði í skóla fyrir þá, próf og skilyrði þau, sem sett eru fyrir prófum.

- b. Siglingatími vélamanna telst sá tími, sem maðurinn er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi. Siglingatími stýrimanna og háseta telst aðeins sá tími, sem þeir eru skráðir á skip, sem er í förum. Sé skipi lagt upp án þess að afskráning fari fram, skal geta þess í sjóferðabók, og má þá telja til siglingatíma stýrimanna og háseta allt að $\frac{1}{5}$ hluta þess tíma, sem skipið hefir legið um kyrrt. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri.

Til siglingatíma háseta getur aldrei talizt sá tími, sem hann er skráður á fiskiskip, en vinnur í landi að verkun afla eða veiðarfæra.

II. KAFLI

Skipstjórnarmenn á fiskiskipum og flutningaskipum.

4. gr.

Rétt til að vera formaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi 6—15 rúmlesta að stærð, sem ætlazt er til, að komi daglega að landi, hefir sá einn, sem leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af lögreglustjóra til 5 ára í senn, eftir tillögum skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík, um að hann:

- þekki á áttavita,
- kunni alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunni að nota þær,
- kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort eftir seguláttum,
- kunni að nota vegmæli og handlóð í sambandi við sjókort,
- hafi þekkingu á vitakerfi landsins og björgunarstöðvum og kunni að nota algengustu björgunartæki,
- kunni að finna, hvenær flóð verður og fjara,

- g. þekki reglur um lífgun drukknæðra manna,
- h. sanni með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn,
- i. sé 18 ára að aldri,
- j. sanni með sjóferðabók eða vottorðum, að hann hafi verið háseti eftir 15 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði.

104

23. júní

Hinir siglingafróðu menn, sem um getur í upphafi þessarar greinar, skulu skipaðir fyrir takmörkuð svæði, sem atvinnumálaráðuneytið tiltekur.

Gegn slíku vottorði gefur lögreglustjóri út skírteini, sem veitir rétt til formennsku á skipi 6—15 rúmlestir að stærð.

5. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi yfir 15 rúmlestir, en eigi yfir 75 rúmlestir að stærð, hefir sá einn, er fengið hefir hið minna skipstjóráskírteini á fiskiskipi.

6. gr.

Sá einn getur fengið hið minna skipstjóráskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðizt hefir hið minna fiskimannapróf,
- b. hefir verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.
- c. er lögráður,
- d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

Nú er skipið flutningaskip 30 rúmlestir eða stærra, og komi þá í stað áðurgreinds siglingatíma 12 mánaða stýrimannstími á verzlunar- eða flutningaskipi yfir 30 rúmlestir, eða auk áðurgreinds siglingatíma, sé hann allur á fiskiskípum, komi 6 mánaða stýrimannstími á verzlunar- eða flutningaskipi yfir 30 rúmlestir.

Geta skal þess á skírteinum þeim, sem gefin eru út samkvæmt þessari grein, hvort skírteinið gildir fyrir fiskiskip.

7. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi yfir 15, en eigi yfir 75 rúmlestir að stærð, hefir sá einn, er fengið hefir hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

8. gr.

Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. hefir staðizt hið minna fiskimannapróf,
- b. hefir verið háseti eftir 16 ára aldur í 36 mánuði á skipi yfir 15 rúmlestir, eða verið formaður á skipi yfir 10 rúmlestir í 12 mánuði, og auk þess háseti eftir 16 ára aldur á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.
- c. er lögráður,

- 104 d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
 23. júní e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

Til þess að öðlast stýrimannsskírteini á flutningaskipi komi auk siglinga-
 tíma þess, er getur í stafl. b., 6 mánaða siglingatími sem háseti á verzlunar- eða
 flutningaskipi yfir 30 rúmlestir.

Geta skal þess á skírteinum þeim, sem gefin eru út samkv. þessari grein,
 hvort skírteinið gildir fyrir fiskiskip og flutningaskip eða fyrir fiskiskip ein-
 göngu.

9. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku fiski-
 skipi af hverri stærð sem er hefir sá einn, er fengið hefir hið meira skipstjóra-
 skírteini á fiskiskipi.

10. gr.

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðizt hefir hið meira fiskimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík,
- b. hefir verið 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 75 rúmlestir,
 eða: hefir verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mán-
 uði undirstýrimaður á skipi yfir 75 rúmlestir,
 eða: hefir verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 75 rúmlestir
 í 12 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði,
 eða: hefir verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 75 rúm-
 lestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 30 rúmlestir í 12 mánuði.
- c. er lögráður,
- d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

11. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á fiskiskipi af
 hverri stærð sem er hefir sá einn, er fengið hefir hið meira stýrimannsskírteini
 á fiskiskipi.

12. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðizt hefir hið meira fiskimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík,
- b. hefir verið 36 mánuði háseti á skipi eftir 16 ára aldur og af þeim tíma
 verið að minnsta kosti 18 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 75 rúmlestir,
 eða: hefir verið 12 mánuði skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir og 12 mánuði
 háseti á fiskiskipi yfir 75 rúmlestir,
 eða: hefir verið 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og auk þess
 12 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 75 rúmlestir,

- c. er lögráður,
- d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

104

23. júní

III. KAFLI

Skipstjórnarmenn á verzlunarskipum og varðskipum ríkisins.

13. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir að stærð hefir sá einn, sem fengið hefir hið minna skipstjóraskirteini á verzlunarskipi.

14. gr.

Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskirteini á verzlunarskipi, sem auk þess að fullnægja skilyrðum 10. greinar þessara laga, stafl. a, c, d og e: hefir verið stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði, og þar af 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður, eða: hefir verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 12 mánuði og stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 12 mánuði, eða: hefir verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði, og auk þess einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir eða á flutningaskipi í 18 mánuði, eða: hefir verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði og auk þess skipstjóri á fiskiskipi yfir 60 rúmlestir í 18 mánuði eða á flutningaskipi í 12 mánuði.

15. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir að stærð hefir sá einn, sem fengið hefir hið minna stýrimannsskirteini á verzlunarskipi.

16. gr.

Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskirteini á verzlunarskipi, sem auk þess að fullnægja skilyrðum 12. gr. þessara laga, stafl. a, c, d, og e: hefir verið háseti eftir 16 ára aldur í 48 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestir, og þar af 12 mánuði fullgildur háseti á verzlunarskipi eða varðskipi, eða: hefir verið 12 mánuði skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir og auk þess fullgildur háseti í 6 mánuði eða viðvaningur í 12 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir, eða: hefir verið 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 60 rúmlestir og auk þess fullgildur háseti á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mán-

104
23. júní

uði eða viðvaningur á slíku skipi í 12 mánuði. Ofangreindur stýrimannstími þarf þó eigi að vera nema 8 mánuðir, sé hann á flutningaskipi.

17. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innan- eða utanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi af hvaða stærð sem er hefir sá einn, er fengið hefir hið meira skipstjóraskírteini á verzlunarskipi.

18. gr.

- Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, sem:
- hefir staðizt farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík,
 - hefir verið stýrimaður í 36 mánuði á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður.
eða: hefir verið stýrimaður í 36 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og af þeim tíma 24 mánuði sem einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og auk þess yfirstýrimaður í 12 mánuði á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir, eða: hefir verið skipstjóri í 18 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og 12 mánuði yfirstýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir, eða: hefir verið skipstjóri í 24 mánuði á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir í 18 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður,
 - er 25 ára að aldri,
 - hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
 - sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

Til þess að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á verzlunarskipi af ótakmarkaðri stærð skal hlutaðeigandi sanna með sjóferðabók, að hann hafi siglt sem yfirstýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir í 12 mánuði í utanlandssiglingum.

Geta skal þess á skírteini, sem gefið er út samkv. þessari grein, hvort það gildir fyrir utan- eða innanlandssiglingar eða fyrir hvorttveggja.

19. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eða varðskipi af hverri stærð sem er hefir sá einn, er fengið hefir hið meira stýrimannsskírteini á verzlunarskipi.

20. gr.

- Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem:
- hefir staðizt farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík,
 - hefir verið háseti eftir 16 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 48 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði sem fullgildur háseti, tímurmaður eða bátismaður í utanlandssiglingum,
eða: hefir verið háseti eftir 16 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100

rúmlestir í 24 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði sem fullgildur háseti, **104**
 bátsmaður eða tímburmaður í utanlandssiglingum, og auk þess háseti á ^{23. júní}
 fiskiskipi yfir 60 rúmlestir í 24 mánuði,

- c. er lögráður,
- d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

21. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins allt að 100 rúmlestir hefir sá einn, er:

- a. fullnægir skilyrðum þeim, er sett kunna að verða um próf,
- b. hefir siglt sem stýrimaður á varðskipum í 24 mánuði og þar af eigi skemur en 12 mánuði sem einn stýrimaður eða yfirstýrimaður,
- c. er lögráður,
- d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

22. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins yfir 100 rúmlestir hefir sá einn, er:

- a. fullnægir skilyrðum þeim, er sett kunna að verða um próf,
- b. hefir siglt sem stýrimaður á varðskipum í 36 mánuði og þar af eigi skemur en 12 mánuði sem yfirstýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir, eða: hefir siglt sem skipstjóri á varðskipi allt að 100 rúmlestir í 6 mánuði og sem yfirstýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði,
- c. er 25 ára að aldri,
- d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

23. gr.

Sá, er öðlzt hefir réttindi sem skipstjóri á varðskipum ríkisins yfir 100 rúmlestir, á rétt á að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi af ótakmarkaðri stærð, en þó því aðeins í utanlandssiglingum, að hann hafi siglt í 12 mánuði sem stýrimaður í utanlandssiglingum á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir.

Hinsvegar getur sá, er fengið hefir hið meira skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, öðlzt réttindi til þess að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins, ef hann hefir siglt í 12 mánuði sem stýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir og fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett kunna að verða fyrir því að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins.

IV. KAFLI

Vélamenn á eimskipum.

24. gr.

Sá einn hefir rétt til þess að vera undirvélstjóri á eimskipi með 300 hestafla vél eða minni, sem hefir öðlazzt skírteini það, sem ræðir um í 25. gr.

25. gr.

Sá einn getur öðlazzt undirvélstjóraskírteini á eimskipi með 300 hestafla vél eða minni, sem:

- a. hefir staðizt hið minna vélstjórapróf við vélstjóraskólann í Reykjavík,
- b. hefir verið kyndari á eimskipi í 12 mánuði,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti,
- d. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

26. gr.

Sá einn hefir rétt til þess að vera yfirvélstjóri á eimskipi með 300 hestafla vél eða minni, sem hefir öðlazzt skírteini það, sem ræðir um í 27. gr.

27. gr.

Sá einn getur öðlazzt yfirvélstjóraskírteini á eimskipi með 300 hestafla vél eða minni, sem eftir að hafa öðlazzt skírteini það, sem ræðir um í 25 gr.:

- a. hefir siglt sem undirvélstjóri á eimskipi í 24 mánuði,
- b. hefir lokið smiðaprófi fyrir vélstjóra,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti,
- d. er lögráður,
- e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

28. gr.

Sá einn hefir rétt til þess að vera undirvélstjóri á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél, eða aðstoðarvélstjóri á eimskipi með yfir 800 hestafla vél, sem öðlazzt hefir skírteini það, sem ræðir um í 29. gr.

29. gr.

Sá einn getur öðlazzt undirvélstjóraskírteini á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél, eða aðstoðarvélstjóraskírteini á eimskipi með meira en 800 hestafla vél, sem:

- a. hefir staðizt hið meira vélstjórapróf við vélskólann í Reykjavík,
- b. hefir verið kyndari á eimskipi í 12 mánuði,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti,
- d. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

30. gr.

104

23. júní

Sá einn hefir rétt til að vera yfirvélstjóri á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél, eða undirvélstjóri á eimskipi með meira en 800 hestafla vél, sem öðlazzt hefir skirteini það, sem ræðir um í 31. gr.

31. gr.

Sá einn getur öðlazzt yfirvélstjóraskirteini á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél, eða undirvélstjóraskirteini á eimskipi með meira en 800 hestafla vél, sem eftir að hafa öðlazzt skirteini það, sem ræðir um í 29. gr.:

- a. hefir siglt sem undirvélstjóri á eimskipi með yfir 300 hestafla vél í 24 mánuði, eða sem aðstoðarvélstjóri á eimskipi með meira en 800 hestafla vél í 36 mánuði, þó aldrei minna en 12 mánuði undirvélstjóri á eimskipi með meira en 300 hestafla vél, ef um yfirvélstjóraskirteini er að ræða,
- b. hefir lokið smíðaprófi fyrir vélstjóra,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- d. er lögráður,
- e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

32. gr.

Sá einn hefir rétt til þess að vera yfirvélstjóri á eimskipi með yfir 800 hestafla vél, sem öðlazzt hefir skirteini það, sem ræðir um í 33. gr.

33. gr.

Sá einn getur öðlazzt yfirvélstjóraskirteini á eimskipi með yfir 800 hestafla vél, sem:

- a. hefir eftir að hafa öðlazzt skirteini það, sem ræðir um í 31. gr., siglt sem undirvélstjóri á eimskipi með yfir 800 hestafla vél í 24 mánuði, þar af sem 2. vélstjóri í 12 mánuði, eða sem yfirvélstjóri á eimskipi með yfir 300 hestafla vél í 12 mánuði og 2. vélstjóri á eimskipi með yfir 800 hestafla vél í 12 mánuði,
- b. hefir staðizt próf í rafmagnsfræði fyrir vélstjóra við vélstjóraskólann í Reykjavík,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- d. er 25 ára að aldri,
- e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

Þeim, sem tekið höfðu hið meira vélstjórapróf við vélstjóraskólann í Reykjavík, áður en rafmagnsdeildin var sett við hann, og komnir eru í starf á skipi í sérfræðigreini sinni áður en lög þessi öðlast gildi, veitir próf þeirra sömu réttindi og hið mesta vélstjórapróf samkvæmt lögum þessum, að rafmagnsfræði meðtalinni.

V. KAFLI

Vélamenn á mótorskipum.

34. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera vélavörður á mótorskipi með 15 hestafla vél eða minna, sem sýnt getur lögskráningarstjóra vottorð frá manni, er atvinnu-málaráðuneytið tekur gildan, um, að hann sé fær um að gæta vélarinnar.

35. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera vélstjóri á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 50 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél, sem öðlazzt hefir skírteini það, sem ræðir um í 36. gr.

36. gr.

Sá einn getur öðlazzt vélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 50 hestafla vél, eða undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél, sem:

- a. hefir staðizt hið minna mótórvélstjórapróf Fiskifélags Íslands,
- b. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti,
- c. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

37. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með 50, en ekki yfir 150 hestafla vél, sem öðlazzt hefir skírteini það, sem ræðir um í 38. gr. þessara laga.

38. gr.

Sá einn getur öðlazzt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél, sem:

- a. hefir siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 50 hestafla vél í 12 mánuði, eða vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi með yfir 15 hestafla vél í 12 mánuði,
- b. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti,
- c. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

39. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera undirvélstjóri á isl. mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazzt hefir skírteini það, sem ræðir um í 40. gr. þessara laga.

40. gr.

Sá einn getur öðlazzt undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem:

- a. hefir staðizt hið meira mótórvéltjórapróf Fiskifélags Íslands,
- b. hefir siglt sem yfirvéltjóri á mótorskipi með yfir 50 hestafla vél í 12 mánuði,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- d. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

104

23. júní

41. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera yfirvéltjóri á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru 42. gr.

42. gr.

Sá einn getur öðlazzt yfirvéltjóraskirteini á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem:

- a. hefir siglt sem undirvéltjóri á mótorskipi með yfir 150 hestafla vél í 12 mánuði, eftir að hafa öðlazzt skirteini það, sem ræðir um í 40. gr.,
- b. hefir verið kyndari eða aðstoðarvélamaður á eimskipi í 3 mánuði, eða aðstoðarvélamaður á mótorskipi, sem hefir eimketil, í 3 mánuði,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- d. er lögráður,
- e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

Ákvæði b-liðar nær þó ekki til þeirra manna, sem öðlast réttindi á mótorskip, sem engan eimketil hafa, og skal geta þess í skirteinum þeim, sem veitt eru samkvæmt þessari grein, hvort þau gilda fyrir skip með eimkatli eða ekki.

43. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera aðstoðarvéltjóri á mótorskipi með meira en 400 hestafla vél, eða undirvéltjóri á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem öðlazzt hefir skirteini það, sem ræðir um í 44. gr.

44. gr.

Sá einn getur öðlazzt aðstoðarvéltjóraskirteini á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél, eða undirvéltjóraskirteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem:

- a. hefir staðizt hið meira véltjórapróf við vélskólann í Reykjavík,
- b. hefir staðizt próf í rafmagnsfræði fyrir véltjóra við vélskólann í Reykjavík, sbr. þó 58. gr.
- c. hefir verið kyndari eða aðstoðarmaður á eimskipi í 4 mánuði,
- d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

45. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera yfirvéltjóri á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, eða undirvéltjóri á mótorskipi með meira en 900 hestafla vél, sem öðlazzt hefir skirteini það, sem ræðir um í 46. gr.

104

23. júní

Sá einn getur öðlazzt yfirvéltjóraskirteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, eða undirvéltjóraskirteini á mótorskipi með meira en 900 hestafla vél, sem:

- a. hefir eftir að hafa öðlazzt skirteini það, sem ræðir um í 44. gr., siglt sem undirvéltjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 24 mánuði, eða aðstoðarvéltjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 24 mánuði og undirvéltjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði, eða sem aðstoðarvéltjóri á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél í 36 mánuði.
- b. hefir staðizt smíðapróf fyrir véltjóra,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- d. er lögráður, ef um yfirvéltjóraskirteini er að ræða,
- e. sannar með læknisvoittorði, að heyrn hans sé sæmileg.

47. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera yfirvéltjóri á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél, sem öðlazzt hefir skirteini það, sem ræðir um í 48. gr.

48. gr.

Sá einn getur öðlazzt yfirvéltjóraskirteini á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél, sem:

- a. hefir eftir að hafa öðlazzt skirteini það, sem ræðir um í 46. gr., siglt sem undirvéltjóri á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél í 24 mánuði, þar af annar véltjóri í 12 mánuði, eða yfirvéltjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði og sem undirvéltjóri á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél í 12 mánuði,
- b. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- c. er 25 ára að aldri,
- d. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

49. gr.

Ekkert íslenzkt skip, sem stærra er en 20 rúmlestir, má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða á milli Íslands og annara landa eða í innanlandssiglingar, nema á því sé til starfa, auk skipstjóra, einn eða fleiri stýrimenn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

- a. Á flutningaskipi, á fiskiskipi allt að 300 rúmlestir og á verzlunarskipi allt að 200 rúmlestir í utan- og innanlandssiglingum sé einn stýrimaður að minnsta kosti.
- b. Á fiskiskipi 300 rúmlestir og stærra í innan- og utanlandssiglingum og

verzlunarskipi 200 rúmlestir og stærra í utanlandssiglingum séu að minnsta kosti tveir stýrimenn. Hið sama gildir um verzlunarskip í innanlandssiglingum, er flytur farþega og póst. 104
23. júní

- c. Á verzlunarskipi í innan- og utanlandssiglingum, er flytur farþega og póst og er 400 rúmlestir eða stærra, séu að minnsta kosti 3 stýrimenn. Sama gildir um skip, sem eru 1500 rúmlestir og stærri, þó þau flytji ekki farþega. Skip, sem eru undir 1500 rúmlestir, þurfa þó eigi að hafa þriðja stýrimanninn, nema þau hafi rúm fyrir 12 farþega.

50. gr.

Á varðskipum ríkisins yfir 200 rúmlestir séu að minnsta kosti 3 stýrimenn. Á varðskipum undir 60 rúmlestir sé að minnsta kosti einn stýrimaður, og á varðskipum 60—200 rúmlestir 2 stýrimenn. Rétt til skipstjórnar og stýrimennsku á skipum þessum geta þeir einir öðlazi, er lokið hafa farmannaprófi.

51. gr.

- a. Á eimskipi með meira en 50, en ekki yfir 300 hestafla vél, skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 27. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 25. gr.
- b. Á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél, skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 31. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 29. gr., og ef vél skipsins er yfir 500 hestöfl, einn aðstoðarmaður, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 27. gr.

Ef skipið er notað til farþegaflutninga, skal í stað aðstoðarmannsins koma aðstoðarvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 29. gr.

Ef ferðir skipsins eru aðeins innan fjarða eða flóa, er nægilegt, að á því séu tveir vélstjórar, sem öðlazi hafa skirteini samkvæmt 29. gr. og 31. gr.

- c. Á eimskipi með meira en 800, en ekki yfir 1200 hestafla vél, skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 33. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 29. gr.

Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða björgunarskip, skal á því vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 33. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazi hafa skirteini samkvæmt 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 29. gr.

- d. Á eimskipi með meira en 1200, en ekki yfir 2500 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 33. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazi hafa skirteini samkvæmt 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 29. gr.

Sé skipið farþegaskip og vél þess yfir 1800 hestöfl, skal á því vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 33. gr., þrjú undirvélstjórar, sem öðlazi hafa skirteini samkv. 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 29. gr.

104
23. júní

- e. Á eimskipi með yfir 2500 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 33. gr., þrjú undirvélstjórar, sem öðlazi hafa skirteini samkvæmt 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 29. gr.

Sé skipið farþegaskip, komi einn aðstoðarvélstjóri að auki, sem öðlazi hefir skirteini samkvæmt 29. gr.

52. gr.

- a. Á mótorskipi með 15 hestafla vél eða minna skal vera í minnsta lagi einn vélavörður, sem öðlazi hefir réttindi samkv. 34. gr.
- b. Á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 50 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn vélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 36. gr., og einn aðstoðarmaður, sem öðlazi hefir réttindi samkvæmt 34. gr. Aðstoðarmaður þessi má þó jafnframt gegna öðrum starfa á skipinu.
- c. Á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 38. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 36. gr.
- d. Á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 42. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 40. gr.
- e. Á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 46. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 44. gr., og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 44. gr.

Ef skipið er notað til farþegaflutninga, skal að auki vera á því einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 44. gr.

- f. Á mótorskipi með meira en 900, en ekki yfir 1300 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 48. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 46. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 44. gr.

Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða björgunarskip, skal á því vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 48. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazi hafa skirteini samkv. 46. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 44. gr.

- g. Á mótorskipi með meira en 1300, en ekki yfir 2600 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 48. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazi hafa skirteini samkv. 46. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 44. gr.

Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða björgunarskip og vél þess er yfir 1900 hestöfl, skal á því vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazi hefir skirteini samkv. 48. gr., þrjú undirvélstjórar, sem öðlazi hafa

skirteini samkv. 46. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 44. gr. 104

23. júní

- h. Á mótorskipi með meira en 2600 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 48. gr., þrjú undirvélstjórar, sem öðlazzt hafa skirteini samkv. 46. gr., og tveir aðstoðarvélstjórar, sem öðlazzt hafa skirteini samkv. 44. gr.

Ef skipið er farþegaskip, komi einn aðstoðarvélstjóri að auki, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 44. gr.

53. gr.

Dráttarbatar, sem aðeins eru notaðir á höfnum inni, svo og grafvélar og aðrar fleytur, sem hafa vélar innanborðs, en ekki eru knúnar áfram með vélafli, skulu vera undanþegnar ákvæðum þessara laga um fjölda vélstjóra. Þó skal á þessum fleytum vera að minnsta kosti einn vélstjóri, er hefir umsjón með vélunum.

54. gr.

Hver sá, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 4., 6., 8., 10., 12., 14., 16., 18., 20., 21., 22., 25., 27., 29., 31., 33., 34., 36., 38., 40., 42., 44., 46. og 48. gr. þessara laga, á heimingu á að fá þau skirteini, sem þar um getur. Skirteinin skulu gefin út af lögreglustjóra, og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmynd, sem atvinnumálaráðuneytið semur. Skirteinið gildir um óákveðinn tíma frá dagsetningu þess, nema skirteinshafi fyrirgeri því, sbr. 56. gr.

Fyrir skirteini greiðist:

Skirteini, er veitir rétt til formennsku á skipi 6—15 rúmlestir, kr. 2.00.

Hið minna skipstjóraskirteini á fiskiskipi kr. 10.00.

Hið meira skipstjóraskirteini á fiskiskipi, hið minna skipstjóraskirteini á varðskipi og hið minna skipstjóraskirteini á verzlunarskipi kr. 20.00.

Hið meira skipstjóraskirteini á verzlunarskipi og hið meira skipstjóraskirteini á varðskipi kr. 30.00.

Hið minna stýrimannsskirteini á fiskiskipi kr. 5.00.

Hið meira stýrimannsskirteini á fiskiskipi kr. 10.00.

Hið minna stýrimannsskirteini á verzlunarskipi kr. 10.00.

Hið meira stýrimannsskirteini á verzlunarskipi kr. 15.00.

Vélavarðarskirteini kr. 2.00.

Hið minna undirvélstjóraskirteini kr. 5.00.

Hið minna yfirvélstjóraskirteini kr. 10.00.

Aðstoðarvélstjóraskirteini kr. 10.00.

Hið minna undirvélstjóraskirteini kr. 15.00.

Hið meira yfirvélstjóraskirteini kr. 20.00.

Andvirði skirteina rennur í rikissjóð.

104

23. júní

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skirteinis, og getur hann þá lagt málið undir úrskurð atvinnuáráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

56. gr.

Nú hefir skirteinisbafi hlotið dóm fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningssáliti, og hefir hann þá fyrirgert skirteini sínu.

Verði skirteinisbafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu, svo tjón hlýzt af, má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skirteini sínu um stundarsakir, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum.

VII. KAFLI

Ákvæði ýmislegs efnis.

57. gr.

Allir þeir, er öðlazzt hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

Sá, sem öðlazzt hefir vélgæzlu- eða vélstjóraskirteini á íslensku skipi áður en lög þessi öðlast gildi, á rétt á að fá skirteini sínu breytt í vélavarðar- eða vélstjóraskirteini fyrir vél með sama hestaflafjölda, samkv. lögum þessum, en geta skal þess á hinu nýja skirteini, að það sé gefið út samkvæmt þessu ákvæði.

58. gr.

- a. Sá, sem öðlazzt hefir undirvélstjóraskirteini á íslensku eimskipi með meira en 700 hestafla vél, eða yfirvélstjóraskirteini á eimskipi með 300 til 700 hestafla vél, samkvæmt lögum nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum, og hefir síðan siglt samkvæmt því í 10 ár áður en lög þessi öðlast gildi, skal eiga rétt á að öðlast skirteini það, sem ræðir um í 46. gr. þessara laga, ef hann hefir siglt sem undirvélstjóri eða aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði.
- b. Sá, sem hefir öðlazzt yfirvélstjóraskirteini á eimskipi með meira en 700 hestafla vél samkvæmt téðum lögum, nr. 43 3. nóv. 1915, og siglt sem yfirvélstjóri á eimskipi með yfir 700 hestafla vél í 10 ár áður en lög þessi öðlast gildi, skal eiga rétt á að öðlast skirteini það, sem ræðir um í 48. gr. þessara laga, ef hann hefir siglt sem undirvélstjóri eða aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði.
- c. Sá, sem öðlazzt hefir yfirvélstjóraskirteini á mótorskipi með 150 hestafla vél og þar yfir samkvæmt 5. gr. laga nr. 50 7. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum mótorskipum, áður en lög þessi öðlast gildi, á rétt á að öðlast skirteini það, sem ræðir um í 48. gr.
- d. Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í stafl. a og b

Þessarar greinar, að undanskildu ákvæðinu um siglingu á mótorskipi, skoðast fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem sett eru í 44. gr. þessara laga, en geta skal þess á skirteinum þeim, sem þeim eru veitt samkvæmt lögum þessum, að þau séu veitt samkvæmt heimild þessara greinar. 104
23. júní

59. gr.

Þeir, sem tekið hafa smáskipapróf samkv. lögum nr. 40 19. júní 1922 og siglt sem skipstjórar á skipum yfir 15 rúmlestir í 5 ár, miðað við gildistöku þessara laga, geta fengið skirteini það, sem ræðir um í 5. gr., ef þeir sanna með vottorðum tveggja valinkunnra skipstjóra eða sjódomsmanna, er lögreglustjóri tilnefni, að þeim hafi á umræddu skipstjórartímabili aldrei hlekkzt á vegna vankunnáttu þeirra eða hirðuleysis, og farið að öðru leyti skipstjórn vel úr hendi.

60. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur sjóferðabók þá, sem um getur í 2. gr. þessara laga, stafl. i, og er lögskráningarstjóra skylt að afhenda slíka bók hverjum skipverja í fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenskt skip, eða síðar, ef sjóferðabók hefir glatazt eða er útnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem ræðir um í 3. gr. stafl. b.

Í sjóferðabókina skal rita fullt nafn skipverja, fæðingardag og fæðingarár, fæðingarstað (sýslu eða kaupstað). Svo skal og vera þar stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal enn fremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúm og úr skiprúmi. Einnig skal sjóferðabókin bera með sér, hve mikinn hluta lögskráningartímans skipverjinn hefir verið í förum með skipinu.

Skipstjóra ber að útfylla og undirskrifa sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja við lögskráningu merkt með embættisstimpli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók hans undirritaða um leið og hann fer úr skiprúmi, eða þegar skráning úr skiprúmi fer fram. Vanræksla í þessum efnum varðar skipstjóra sektum frá 25 til 100 krónum, nema skipverji hafa hlaupizt burt af skipinu án vitundar hans.

61. gr.

Brot gegn lögum þessum, önnur en um ræðir í lok 60. gr., varða sektum allt að kr. 300.00, ef um fyrsta brot er að ræða. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá kr. 300.00 til 1000.00. Sektir renna í ríkissjóð.

Brot gegn lögum þessum sæta opinberri rannsókn, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

62. gr.

Lög nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, lög nr. 49 27. júní 1925 og lög nr. 31 8. sept. 1931, um breyting á nefndum lögum, lög nr. 43 3. nóv.

- 104** 1915, um atvinnu við siglingar á gufuskípum, lög nr. 14 15. júní 1926 og lög nr. 23. júní 72 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, lög nr. 50 7. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum mótorskipum, lög nr. 23 9. janúar 1935, um breyting á þeim lögum, svo og öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi, eru hér með úr gildi numin.

63. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1936.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

105

23. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og lögum nr. 85 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéltmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Iðnaður heitir í lögum þessum hver sú grein handiðnaðar, sem sérnám þarf til og lætur gera sjálfstætt sveinspróf samkvæmt reglugerð um iðnaðarnám.

Sá rekur iðnað, sem ber fjárhagslega ábyrgð á iðnrekstrinum. Sá stundar iðnað, sem vinnur að honum um lengri eða skemmri tíma.

2. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Enginn, hvorki stofnun né einstaklingur, má reka iðnað, nema meistari í iðninni hafi þar alla verkstjórn á hendi.

Enginn má stunda iðnað, nema meistaraar, sveinar og nemendur í iðninni. Þó er hverjum sem er heimilt að vinna iðnaðarvinnu fyrir sjálfan sig og sitt heimili.